

Alþingi
Erindi nr. P 138/2294
komudagur 17.5.2010



Nefndasvið Alþingis - samgöngunefnd
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. maí 2010
Tilvísun: 2010050010/90.12
HrH/BH
Tilv. ykkar: Tölvupóstur 3. maí 2010.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009 - 2012.

Vegagerðin vill koma á framfæri eftirfarandi atriðum:

1. Viðhald og þjónusta.

Heildarniðurskurður til viðhalds og þjónustu á vegakerfinu milli árána 2007 og 2011 er um 28% á sambærilegu verðlagi, og það er mat Vegagerðarinnar að áætluð fjárveiting 2011 nægi aðeins fyrir um 65% af þeirri lágmarkspörf sem stofnunin miðar við. Sú lágmarkspörf byggir á því að viðhaldsskortur rýri ekki gæði núverandi vega og að nauðsynlegu burðarþoli og yfirborði vega verði sinnt þannig að hvorki komi niður á flutningsgetu eða umferðaröryggi. Auk aðalvega er bent á að nauðsynlegt er miðað við fjárveitingar 2010 að skerða mjög þjónustu og viðhald á umferðarminni malarvegum, sem oft eru mikilvægir fyrir ferðaþjónustuna, svo sem á hálendinu, og enn frekar á næstu árum miðað við tillöguna 2009 - 2012. Einnig er vert að minna á mikil mótmæli sl. vetur vegna skerðingar á vetrarþjónustu, sem nauðsynlegt verður að skerða enn frekar miðað við fyrirliggjandi þingsályktunartillögu.

2. Almenningsamgöngur.

Í fyrirliggjandi tillögu er gert ráð fyrir að fjárveitingar dragist saman um 165,5 m.kr. Það þýðir 12,9% lækkun til ferjureksturs og sérleyfisstyrkja á landi, og 10% lækkun í innanlandsflugi miðað við þingsályktunartillöguna. Töluverður samdráttur var einnig árið 2010, sem var mætt með fækkun ferða auk hagræðingaraðgerða, niðurfellingu greiðslu verðbóta til rekstraraðila o.fl. Þjónustuskerðingunni hefur verið harðlega mótmælt víða um land. Fyrirhuguð skerðing 2011 verður mun meiri en 2010 og ljóst að það kemur illa niður á íbúum sem njóta þjónustunnar og rekstraraðilum sem fá mun minna í sinn hlut en sitja uppi með fastan kostnað sem í sumum tilfellum er mjög stór hluti heildarkostnaðarins.

3. Rannsóknir.

Vegalög kveða á um að 1,5% af mörkuðum tekjum skuli renna til rannsókna. Samkvæmt þingsályktunartillögunni ættu það að vera um 220 m.kr. árið 2011, en tillagan gerir ráð fyrir 97 m.kr., sem er 30% skerðing frá árinu 2010 sem þó var skert frá fyrri árum. Svo harkalegur niðurskurður á þessum lið kemur m.a. niður á möguleikum til þróunar og nýsköpunar í vegamálum.



Auk þess kemur það niður á möguleikum sérfræðinga utan stofnunar, svo sem ráðgjafastofum sem í mörgum tilfellum hafa unnið að þessum rannsóknum, að mæta niðurskurði í framkvæmdum sem þeir hafa haft vinnu við að undirbúa.

Virðingarfyllt,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.